

## Flóahreppur

b.t. Huldu Kristjánsdóttur  
Þingborg  
803 Selfoss

Selfossi, 7. nóvember 2023

### Varðar: Framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands færir sveitarstjórn Flóahrepps þakkir fyrir þann mikilvæga stuðning sem falinn er í samstarfssamningi við sveitarfélagið undanfarin ár, en hann hefur gert okkur kleift að starfrækja það góða samstarf sem tekist hefur um ímyndarskópun, þróun og markaðssetningu áfangastaðarins Suðurlands í heild.

Þar sem núverandi samningur milli Flóahrepps og Markaðsstofu Suðurlands rennur út um næstu áramót er þess hér með farið á leit að samningurinn verði endurnýjaður óbreyttur, sem svarar 430 krónum á hvern íbúa til næstu 3ja ára.

Markaðsstofan hefur nú verið starfræk í um 15 ár og er samvinnuvettvangur ríkis, sveitarfélaga og ferðaþjónustu á svæðinu. Markaðsstofan hefur átt í góðu samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki á öllu Suðurlandi og hefur fjölgun orðið á samstarfsfyrirtækjum okkar á frá ári.

Auk sveitarfélaga og fyrirtækja kemur ríkið að rekstri Markaðsstofunnar með fjárfram lagi í gegnum samninga við Ferðamálastofu um rekstur áfangastaðastofu á svæðinu, ásamt samningi við Íslandsstofu um verkefni tengd markaðssetningu á erlendum mörkuðum.

Eftirfarandi yfirlit nær yfir helsta beina ávinning sveitarfélaga af samstarfinu:

- Markaðsstofan vinnur að markaðssetningu Suðurlands í heild sem áfangastaðar og einstakra svæða innan þess, byggt á þrískiptingu svæðisins og þar með sveitarfélaganna. Þá er það hlutverk Markaðsstofunnar að samræma ímynd og ásýnd áfangastaðarins og koma henni á framfæri s.s. á vef, samfélagsmiðlum, á ferðasýningum, FAM ferðum og við blaðamenn/áhrifavalda. Slík samhæfing gerir markaðssókn fyrir svæðið markvissari og stuðlar að betri nýtingu fjármuna allra þessara aðila.
- Markaðsstofan leiðir samstarf og samtal við faghóp sveitarfélaganna um ferðamál á Suðurlandi, en hópinn skipa ferðamála-, markaðs- og kynningamála og atvinnumálaufulltrúar sveitarfélaganna ásamt fulltrúum klasa. Á þessum vettvangi eru ræddar sameiginlegar áskoranir sveitarfélaganna þegar kemur að ferðamálum, upplýsingum og hugmyndum deilt.
- Sveitarfélagið, áfangastaðir innan þess sem og ferðaþjónustutengd starfsemi þess fær góða birtingu á íslenskri og enskri vefsíðu Markaðsstofunnar [www.sudurland.is](http://www.sudurland.is) / [www.south.is](http://www.south.is). Ef

horft er í fjármögnun markaðssetningar innan Markaðsstofunnar má segja að sveitarfélögini kosti vinnu við upplýsingaöflun og umfjöllun á náttúru- og menningartengdum áfangastöðum ásamt béttbýlum innan þeirra.

- Próun áfangastaðarins Suðurlands er sameiginlegt verkefni allra hagaðila en Markaðsstofan vinnur áfangastaðaáætlun fyrir svæðið þar sem sett er fram framtíðarsýn, markmið og áherslur. Þá vinnur Markaðsstofan með hverju samstarfssveitarfélagi að lista yfir áherslustaði þess þegar kemur að uppbyggingu áfangastaða og er hann settur fram í áfangastaðaáætlun. Þá geta sveitarfélög fengið ráðgjöf varðandi umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Eitt stöðugildi innan Markaðsstofunnar er helgað þessari þróunar- og áfangastaðaáætlunarvinnu.
- Þá hafa Markaðsstofur landshlutanna, með fulltingi sveitarfélaga og landshlutasamtaka, ráðist í metnaðarfullt verkefni, Upplifdu ([www.upplifdu.is](http://www.upplifdu.is)), sem er sannkölluð stafræn bylting þegar kemur að skipulagningu ferðalaga um Ísland. Þar gefst notendum kostur á að sníða ferðalagið nákvæmlega eftir sínu höfði, á myndrænan hátt og fá aðstoð við að sjá hvað er í boði á hverjum stað. Um er að ræða gagnabanka með stuttu myndskeiðum sem samstarfssveitarfélög geta fengið aðgang að. Einnig heldur Markaðsstofan utan um myndabanka Suðurlands sem sveitarfélög geta fengið aðgang að.
- Á stóru sýningunum hérlandis, Mid Atlantic og VestNorden tryggir Markaðsstofan sýnileika landshlutans í heild og kynnir á fundum með erlendum ferðasöldum. Þá hefur Markaðsstofan sótt og kynnt landshlutann á 1-2 sýningum og/eða vinnustofum erlendis á hverju ári, eftir mörkuðum og áherslum hverju sinni.
- Markaðsstofan vinnur og hefur frumkvæði að, fyrir hönd sveitarfélagana og í samvinnu við fulltrúa þeirra, móttöku blaðamanna, áhrifavalda sem og innlendra og erlendra ferðasala sem fjalla um og/eða heimsækja Suðurlandið.
- Markaðsstofan stendur ásamt markaðsstofum landshlutanna að Mannamóti, árlegri ferðasýningu sem markaðsstofurnar halda í Reykjavík í lok janúar ár hvert. Markmiðið er að kynna fjölbreytta ferðaþjónustu landshlutanna fyrir fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.
- Samstarfssveitarfélög Markaðsstofunnar geta leitað eftir ýmsum upplýsingum og fengið leiðbeiningar hjá starfsmönnum markaðsstofunnar um greinina, markaðssetningar- og kynningarmál.
- Markaðsstofa Suðurlands starfar náið með öðrum aðilum í stoðþjónustu ferðaþjónustunnar s.s. Íslandsstofu, Ferðamálastofu, SASS, Samtökum ferðaþjónustunnar, Rannsóknarmiðstöð Ferðamála og öðrum þeim aðilum sem vinna að eflingu ferðaþjónustu, atvinnuuppbryggingar og jákvæðrar ímyndar Suðurlands. Geggir Markaðsstofan þar lykilhlutverki í samtali og samvinnu við þessa aðila fyrir hönd sveitarfélaganna.
- Markaðsstofan hvetur til og leitast við að styðja nýsköpun í ferðaþjónustu á starfssvæði sínu í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækin, ferðamálafulltrúa svæðanna, landshlutasamtökin, sveitarfélögini og ýmsar stofnanir.

Nánari upplýsingar um starfsemina er að finna á vefnum okkar <https://www.south.is/is/mss>.



Markmið Markaðsstofunnar er að auka veg ferðaþjónustunnar (og þar með tengdra greina) á Suðurlandi með því að laða gesti til landshlutans og fá þá til að dvelja lengur á Suðurlandi sem og að ferðast vítt og breytt um svæðið. Með því að vinna sameiginlega að hagsmunum ferðaþjónustunnar á Suðurlandi verður stefnumörkunin skýrari, fjármunir betur nýttir og slagkrafturinn meiri.

Ferðaþjónustan hefur verið einn helsti drifkrafturinn í byggðaþróun undanfarin ár og er orðin ein helsta grunnstoð í atvinnulífinu á Suðurlandi. Því er mikilvægt að hlúa áfram að greininni og stuðla að frekari framþróun og sjálfbærni hennar á svæðinu, með gæði og fagmennsku að leiðarljósi. Það er því von okkar að sveitarstjórn Flóahrepps fallist á tillögu okkar um að styðja við frekari þróun á þessu sviði með því að samþykkja samstarfssamning til ársloka 2026.

Þá óskar Markaðsstofan eftir því að fá að gera frekari grein fyrir starfseminni í formi kynningar fyrir fulltrúum sveitarfélagsins, ásamt því að kynna ný uppfærða áfangastaðaáætlun Suðurlands.

Meðfylgjandi er:

- Afrit af ársuppgjöri ársins 2022
- Starfsáætlun 2023

F.h. Markaðsstofu Suðurlands  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri

*Ragnhildur Sveinbjarnardóttir*

Markaðsstofa Suðurlands ses.  
Ársreikningur 2022

Óendurskoðaður ársreikningur  
Markaðsstofa Suðurlands ses.  
Fjöldheimum við Tryggvagarð  
800 Selfoss

Kt. 480109-1470

## Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymsyfirlit .....	7
Skyringar .....	8

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Markaðsstofa Suðurlands er sjálfseignarstofnun og var stofnuð í desember 2008. Tilgangur stofnunarinnar er að efla markaðsstarf á Suðurlandi með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi og gjaldeyristekjur tengdri ferðapjónustu á Suðurlandi. Einnig að efla samstarf atvinnulífsins, sveitarfélaga, ríkisvaldsins og stoðkerfisins með öflugu markaðsstarfi innanlands sem utan með það að markmiði að bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu eða atvinnustarfsemi á svæðinu. Tilgangur stofnunarinnar er því hvers konar markaðs- og kynningarstarf til að stuðla að því að byggð og fjölbreytt atvinnu- og búsetuskilyrði verði til staðar á landsvæðinu öllu.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Á árinu 2022 nam tap af rekstri stofnunarinnar 1,6 millj. kr. Eigið fé stofnunarinnar nam 6,8 millj. kr. en stofnfé nemur 6,0 millj. kr.

Stofnfé skiptist þannig:

Ferðamálasamtök Suðurlands .....	33,34%
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga .....	33,34%
Visit South Iceland ehf. .....	16,66%
Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu .....	16,66%

Stjórn og framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands ses. hafa í dag rætt ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni.

Selfossi, 4. maí 2023.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

## Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna

---

Til stjórnar Markaðsstofu Suðurlands ses.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands ses. fyrir árið 2022 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri stofnunarinnar hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymsfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á svíði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða stofnunina við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinna er þess ekki kráfist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Selfossi, 4. maí 2023.

**KPMG ehf.**

Við kjörnir skoðunarmenn Markaðsstofu Suðurlands ses. höfum yfirfarið ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2022 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Selfossi, 3. maí 2023.

## Rekstrarreikningur árið 2022

---

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seld þjónusta .....		13.334.100	11.090.000
Framlög og styrkir .....	5	54.039.903	54.910.085
Aðrar tekjur .....	6	0	1.885.312
		<u>67.374.003</u>	<u>67.885.397</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	7	50.382.556	48.934.839
Annar rekstrarkostnaður .....	8	18.859.378	12.169.714
		<u>69.241.934</u>	<u>61.104.553</u>
(Rekstrtartap) -hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		( 1.867.931)	6.780.844
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		239.356	5.733
Vaxtagjöld .....		( 6.378)	( 95.155)
		<u>232.978</u>	<u>( 89.422)</u>
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt .....		( 1.634.953)	6.691.422
Tekjuskattur .....	10	0	( 1.600.902)
<b>(Tap) hagnaður ársins .....</b>	<b>9</b>	<b>( 1.634.953)</b>	<b>5.090.520</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

---

	Skýr.	2022	2021
<b>Eignir</b>			
Viðskiptakröfur .....		905.120	1.375.624
Aðrar skammtímakröfur .....		771.558	3.038.707
Handbært fé .....		11.187.424	10.331.474
	Veltufjármunir	<u>12.864.102</u>	<u>14.745.805</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>12.864.102</u>	<u>14.745.805</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		6.000.000	6.000.000
Óráðstafað eigið fé .....		816.950	2.451.903
	Eigið fé 9	<u>6.816.950</u>	<u>8.451.903</u>
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		1.345.341	1.744.819
Tekjuskattur til greiðslu .....	10	0	1.600.902
Aðrar skammtímaskuldir .....		4.701.811	2.948.181
	Skammtímaskuldir	<u>6.047.152</u>	<u>6.293.902</u>
	Skuldir samtals	<u>6.047.152</u>	<u>6.293.902</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>12.864.102</u>	<u>14.745.805</u>

## Sjóðstremisfirlit árið 2022

---

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Tap) hagnaður ársins .....	9	( 1.634.953)	5.090.520
Veltufé (til) frá rekstri		( 1.634.953)	5.090.520
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun .....		2.737.653	903.725
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 246.750)	1.550.824
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		2.490.903	2.454.549
Handbært fé frá rekstri		855.950	7.545.069
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		855.950	7.545.069
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		10.331.474	2.786.405
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>11.187.424</u>	<u>10.331.474</u>

# Skýringar

## 1. Stofnunin

Markaðsstofa Suðurlands ses. er sjálfseignarstofnun og er lögheimili hennar að Fjöldheimum við Tryggvagarð á Selfossi. Starfsemi félagsins felst í að efla markaðsstarf á Suðurlandi með áherslu á að auka atvinnustarfsemi.

## Reikningsskilaaðferðir

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 3. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### 4. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

### 5. Framlög og styrkir

Framlög og styrkir greinast þannig:

	2022	2021
Ferðamálastofa og DMP .....	33.000.000	33.000.000
Framlög og styrkir sveitarfélaga .....	11.627.631	11.385.549
Framlag frá SASS .....	3.412.272	5.524.536
Verkefnastyrkur frá SASS - Eldfjallaleið .....	1.000.000	0
Framlag frá Íslandsstofu .....	5.000.000	5.000.000
Framlög og styrkir samtals .....	<u>54.039.903</u>	<u>54.910.085</u>

### 6. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

	2022	2021
Endurgreiðslur atvinnuleysistryggingasjóðs .....	0	1.885.312
Aðrar tekjur samtals .....	<u>0</u>	<u>1.885.312</u>

### 7. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:

	2022	2021
Laun .....	38.679.565	37.708.985
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	5.712.625	5.607.039
Önnur launatengd gjöld .....	4.129.828	3.965.209
Annar starfsmannakostnaður .....	1.860.538	1.653.606
Laun og annar starfsmannakostnaður samtals .....	<u>50.382.556</u>	<u>48.934.839</u>
Ársverk .....	4,1	4,6

# Skýringar

---

	2022	2021
<b>8. Annar rekstrarkostnaður</b>		
Húsaleiga .....	2.151.120	2.109.224
Vátryggingar .....	74.102	59.768
Sími og burðargjöld .....	207.951	180.205
Ritföng og prentun .....	36.809	32.544
Bókhald og reikningsskil .....	2.721.819	1.806.207
Sérfræðiþjónusta .....	3.215.867	376.607
Ferðakostnaður .....	556.531	210.473
Framleiðsla kynningarrefnis .....	1.698.168	2.306.352
Auglýsingar .....	574.375	1.139.175
Kostnaður vegna sýninga, viðburða og FAM .....	3.829.951	1.484.147
Áhöld og rekstrarvörur .....	527.402	1.022.523
Rekstur tölvukerfis .....	1.876.653	1.103.458
Útvarpsgjald .....	18.800	18.300
Funda- og viðskiptakostnaður .....	653.930	354.285
Banka- og innheimtukostnaður .....	48.446	57.458
Afskrifaðar kröfur .....	652.685	1.530.000
Óbein niðurfærsla krafna, breyting .....	0 (	1.700.000)
Annar kostnaður .....	14.769	78.988
	<hr/> 18.859.378	<hr/> 12.169.714

## 9. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Stofnfé	(Ójafnað) óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021.....	6.000.000	( 2.638.617)	3.361.383
Hagnaður ársins .....	0	5.090.520	5.090.520
Eigið fé 31.12.2021.....	6.000.000	2.451.903	8.451.903
Tap ársins .....	0 (	1.634.953)	( 1.634.953)
Eigið fé 31.12.2022.....	6.000.000	816.950	6.816.950

## 10. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2022	2021
Tekjuskattur til greiðslu.....	0	1.600.902
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	0	1.600.902

## 11. Yfirlænanlegt skattaleg tap

Ójafnað skattaleg tap í árslok 2022 nam 1,5 millj. kr.. Yfirlænanlegt skattaleg tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast, fellur niður. Yfirlænanlegt skattaleg tap í árslok 2022 er nýtanlegt sem hér segir:

	2022	2021
Skattaleg tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032 .....	1.542.372	0